

### FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Fimmtudaginn 13. desember 2007 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 16<sup>00</sup> á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Halldór G. Ólafsson, Sigríður Gestsdóttir, Erla Jónsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

#### **1. Álagningarreglur útsvars og fasteignagjalda 2008.**

Fyrir fundinum lágu drög að tillögum til álagningareglna útsvars og fasteignagjalda.

- a) Svohljóðandi tillaga að álagningarstuðli útsvars í Sveitarfélaginu Skagaströnd tekjuárið 2008 var samþykkt:  
*Sveitarstjórn Skagastrandar samþykkir að álagningarstuðull útsvars í sveitarfélaginu vegna gjaldaársins 2008 verði 13,03%.*
- b) Svohljóðandi tillaga að álagningarreglum fasteignagjalda í Sveitarfélaginu Skagaströnd árið 2008 var samþykkt:

#### **Fasteignaskattur:**

Álagning á íbúðarhúsnæði (A-flokkur) verði 0,43% af álagningarstofni.  
Álagning á opinberar stofnanir (B-flokkur) verði 1,32% af álagningastofni.  
Álagning á verslunar- og iðnaðarhúsnæði verði (C-flokkur) 1,58% af álagningarstofni.

#### **Lóðarleiga:**

Lóðarleiga verði 1,5% af fasteignamatsverði lóða.

#### **Vatnsskattur:**

Vatnsskattur verði 0,3% af fasteignamati, lágmark 6.000 kr og hámark 19.000 kr.

#### **Holræsagjald:**

Holræsagjald verði 0,2% af fasteignamati lóða og mannvirkja

#### **Sorphirðugjald /sorpeyðingargjald:**

Sorphirðugjald verði 12.000 kr/íbúð.  
Sorpeyðingargjald verði 5.000 kr/íbúð.  
Sorpeyðingargjöld eru 10.000 – 100.000 eftir áætluðu magni sorps frá fyrirtækjum og stofnunum.

#### **Leiga ræktunarlóða:**

Fyrir hvern ha ræktunarlóða er greitt fast leigugjald. Auk þess greiða lóðarhafar fasteignagjöld af lóðunum skv. fasteignamati.  
Lóðaleiga verði 3.000 kr/ha.

*Tillaga að reglu um niðurfellingu fasteignagjalda elli- og örorkulífeyrisþega 2008.*

Eftirfarandi eru reglur um niðurfellingu fasteignagjalda elli- og örorkulífeyrisþega:

1. Fasteignagjöld verða eingöngu felld niður af íbúðum elli- og örorkulífeyrisþega, sem þeir búa í sjálfir.
2. Fasteignagjöld lækki um allt að kr 36.000,- hjá:

- a) Einstaklingum með tekjur sem nema allt að 2.020.018 kr. (20% yfir óskertar lífeyristryggingar.)
  - b) Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 3.372.912 kr. (20% yfir óskertar lífeyristryggingar.)
3. Fasteignagjöld lækki um allt að kr 18.000 hjá:
- a) Einstaklingum með tekjur allt að 2.525.022 kr. (50% yfir óskertar lífeyristryggingar)
  - b) Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 4.216.140 kr. (50% yfir óskertar lífeyristryggingar.)

## **2. Fjárhagsáætlun 2008 – fyrri umræða.**

Fyrir fundinum lágu drög að fjárhagsáætlun sveitarsjóðs og stofnana fyrir árið 2008. Í rekstraráætlun er gerð tillaga að rekstri sveitarfélagsins og í sjóðstreymi er m.a. fjallað um fjárfestingar og fjármunahreyfingar.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu rekstrarþáttum og forsendum við áætlanagerðina. Miklar umræður urðu um fjárhagsáætlunina, rekstur og fjárfestingar sveitarfélagsins. Samþykkt að vísa fjárhagsáætlun til annarrar umræðu og sveitarstjóra falið að vinna úr þeim ábendingum og ákvörðunum sem fram komu í umræðunni.

## **3. Önnur mál**

Önnur mál voru engin.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 18<sup>45</sup>

Adolf H. Berndsen  
(sign)

Sigríður Gestsdóttir  
(sign)

Halldór Ólafsson  
(sign)

Birna Sveinsdóttir  
(sign)

Erla Jónsdóttir  
(sign)

Magnús B. Jónsson  
(sign)